



Reglugerð um forgjafartímabil á Íslandi

1. grein: Markmið

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að allar skorkortaskráningar til forgjafar endurspegli raunverulega getu kylfinga samkvæmt Forgjafarreglunum (World Handicap System -WHS). Kerfið byggir á því að skila inn öllum gildum skorum sem leikin eru við viðurkenndar aðstæður.

2. grein: Forgjafartímabilið

Heimilt er að leika golf til forgjafar á íslenskum golfvöllum á eftirfarandi tímabili:

- **Upphafsdagur:** 15. apríl ár hvert.
- **Lokadagur:** 15. október ár hvert.

Utan þessa tímabils telst leikur á íslenskum golfvöllum almennt ekki uppfylla skilyrði til forgjafarbreytinga vegna vallaraðstæðna.

3. grein: Skilyrði til skráningar

Til þess að hringur sé gildur til forgjafar innan ofangreinds tímabils verða eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Leikið sé samkvæmt gildandi reglum R&A.
- Völlurinn hafi gilt vallarmat (Course Rating og Slope Rating).
- Leikið sé á flötum og teigum sem vallarmat miðast við.
- Ekki séu í gildi sértækar ótímabundnar staðarreglur sem brjóta í bága við forgjafarreglur, t.d. of rúmar reglur um "bætta legu" sem ekki samræmast meginreglu Golfreglnanna um að að leika völlinn eins og komið er að honum og boltanum eins og hann liggur.
- Ef nauðsynlegt reynist vegna ástands vallar að leyfa bætta legu í staðarreglum skal sú leið valin sem er í mestu samræmi við meginreglu 1. gr. Golfreglnanna sem hér segir og í þessari röð:



- Í fyrsta lagi: Heimilað að lyfta bolta á almenna svæðinu þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar, hann hreinsaður og lagður á sama stað.
 - Í öðru lagi: Heimilað að lyfta bolta á almenna svæðinu þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar, hann hreinsaður og lagður innan skorkortslengdar (15 cm), en ekki nær holu.
 - Í þriðja lagi: Heimilað að lyfta bolta á almenna svæðinu þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar, hann hreinsaður og lagður innan kylfulengdar. Ef nauðsynlegt þykir að leyfa bætta legu á mörgum brautum, verður að taka til skoðunar hvort golfvöllur uppfylli skilyrði til forgjafabreytinga.
- Þegar ekki reynist lengur nauðsynlegt að leyfa bætta legur í staðarreglum vegna ástands vallar skal heimildin þegar aflögð.

4. grein: Skráning skora frá öðrum löndum

Kylfingum er heimilt og skylt að skila inn skorum sem leikin eru erlendis til að tryggja að forgjöf þeirra sé rétt. Fyrir slíka hringi gilda eftirfarandi reglur:

- Virkur forgjafartími: Hringurinn verður að vera leikinn í landi þar sem viðkomandi tímabil telst vera „virkt“ hjá því golfsambandi sem þar ræður (t.d. er hægt að skrá skor frá Spáni eða Flórída á miðjum vetri á Íslandi).
- Gildur völlur: Völlurinn verður að hafa opinbert vallarmat (Course Rating) og vægi (Slope Rating) frá viðurkenndu yfirvaldi.
- Skráningarferli: Við skráningu í Golfbox (eða sambærilegt kerfi) skal kylfingur sjá til þess að tilheyrandi upplýsingar komi fram:

5. grein: Undanþágur

Á tímabilinu 15. apríl til 31. maí má setja staðarreglur sem heimila bætta legu samkvæmt 3. gr. Á tímabilinu frá 1. júní til 15. október verða golfklúbbar að óska eftir heimild forgjafar- og vallarmatsnefndar GSÍ ef leyfa á bætta legu á golfvellingum og leika á til forgjafar á golfvellingum. Rökstuðningur skal koma frá forgjafarnefnd og dómara viðkomandi golfklúbbs fyrir þessari staðarreglu.



Stjórnir eða forgjafarnefndir golfklúbba geta sótt um undanþágu til GSÍ til að heimila kylfingum að skrá skor til forgjafar og halda forgjafargild mót utan tímabils skv. 2. gr. ef vallaraðstæður leyfa. Forgjafar- og vallarmatsnefnd GSÍ skal taka ákvörðun um hvort undanþága verði leyfð innan viku frá því að beiðni er lögð fram. Golfklúbburinn skal meta hvort ástand vallar (hraði flata, hæð karga, ástand brauta o.s.frv.) sé í grófum dráttum með þeim hætti þegar vallarmat fór fram, en GSÍ getur veitt upplýsingar um ástandið þegar vallarmatið fór fram. GSÍ leggur golfklúbbum til gátlista um þau atriði sem mikilvægt er að séu í lagi þegar óskað er eftir undanþágu.

6.gr. Afturköllun heimildar til að skrá skor til forgjafar á golfvelli

Ef golfklúbbur fer ekki að reglugerð um forgjafartímabil á Íslandi eða setur reglur sem eru andstæðar meginreglum Golfreglnanna eða Forgjafarreglunum (WHS) skal forgjafar- og vallarmatsnefnd GSÍ veita golfklúbbum viðvörðun og stuttan frest til að bæta úr. Ef ekki hefur verið bætt úr innan frests sem gefinn er skal forgjafar- og vallarmatsnefnd beina því til stjórnar GSÍ að afturkalla heimild viðkomandi golfklúbbs að skrá skor til forgjafar á viðkomandi golfvelli. Stjórn GSÍ tekur málið fyrir á stjórnarfundi og tekur ákvörðun um erindi nefndarinnar eftir að hafa veitt golfklúbbum andmælarétt.

Samþykkt af forgjafar- og vallarmatsnefnd GSÍ þann 12. maí 2026